



LANGANESBYGGÐ

12. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 13. nóvember 2014 og hófst kl 15:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Aneta Potrykus, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Karl Ásberg Steinsson, Steinunn Leósdóttir, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir að bæta við eftirfarandi dagskrárliðum:

„**Tilnefning til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu**“ Lagt til að sá liður verði nr. 12 á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

„**Hvað vilt þú sjá í þínu nærumhverfi?**“ Lagt til að sá liður verði nr 13. á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 3. fundar íþrótta- og tómstundanevndar dags 5. nóvember 2014**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar dags 10. nóvember 2014**
Liður 1. Skipulagslýsing vegna kirkjugarðsins á Þórshöfn. Samþykkt samhljóða.
Liður 2. Deiliskipulag vegna athafnarsvæðisins við Langholt. Samþykkt samhljóða.
- 3. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar dags 18. september 2014**
Liður 2. Staða mála vegna urðunarstaðarins á Bakkafirði. Umræður urðu um sormál í Langanesbyggð. Elías upplýsti um stöðu mála.
- 4. Fundargerð 821. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 31. október 2014**
Lögð fram til kynningar
- 5. Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara dags 23. október 2014**
Lögð fram til kynningar
- 6. Fundargerð 369. Fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags 31. október 2014**
Lögð fram til kynningar
- 7. Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags 10. október 2014**
Lögð fram til kynningar



Rætt um hvaða möguleika sveitarfélagið á varðandi orkusparnað t.d. með notkun varmadæla. Sveitarstjóra falið að skoða málið og afla frekari upplýsinga fyrir sveitarstjórn.

8. Bréf til sjávarútvegsráðherra - Undirskriftarlisti smábátasjómana – Tillögur áhugamanna um breyttar reglur varðandi stjórnun strandveiða dags 10. nóvember 2014

Sveitarstjórn leggur til að bréfið verði sent óbreytt til sjávarútvegsráðherra og afrit á þingmenn Norðausturkjördæmis. Bréfið er í samræmi við bókun á sveitarstjórnarfundi sem haldinn var þann 15. október sl. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

9. Erindi frá Þroskahjálpi

Kynningarbæklingi frá Þroskahjálpi dreift til fundarmanna.

10. Fulltrúaráð Eypings

Langanesbyggð á rétt á einum fulltrúa í fulltrúaráð Eypings og er Hilma oddviti sjálfkjörin þar sem hún er stjórnarmaður hjá Eypingi eins og fram kemur í bréfinu frá Eypingi.

11. Reglur um byggðarkvóta 2014/2015

Langanesbyggð hefur fengið frest til að skila óskum um sérreglur til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til 1. desember n.k. Lagt til að haldinn verði opinn fundur sem auglýstur verði á heimasíðu Langanesbyggðar og með útsendu dreifibréfi. Hagsmunaaðilar verða hvattir sérstaklega til að nýta sér það tækifæri til að koma ábendingum og skoðunum sínum á framfæri á fundinum. Samþykkt samhljóða.

12. Tilnefning til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu

Nýsköpunarverðlaunin í opinberri þjónustu og stjórnsýslu verða veitt í fjórða sinn 23. janúar næstkomandi á Grand hóteli. Markmiðið með nýsköpunarverðlauninum er að vekja athygli á því sem vel er gert og hvetja til meiri nýsköpunar í opinberri þjónustu og stjórnsýslu á Íslandi. Allar ríkisstofnanir, ráðuneyti og sveitarfélög landsins eru gjaldgeng til að taka þátt og tilnefna verkefni til nýsköpunarverðlaunanna.

Lagt til í samráði við formann atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar að tilnefna Grunnskólann á Bakkafirði til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu 2014 fyrir vinnustofur – skapandi kennsluáðferðir. Samþykkt samhljóða.

13. Hvað vilt þú sjá í þínu nærumhverfi?“

Lögð fram tillaga að bréfi með loftmyndum úr Langanesbyggð þar sem íbúum er gefinn kostur á að koma sínum hugmyndum og óskum á framfæri um nærumhverfi sitt. Þessi hugmynd er unnin í samráði við formann atvinnu- menningar- og ferðamálanefndar (AFM) og formann umhverfis- og



skipulagsnefndar (USN). Sveitarstjórnarmenn hvattir til að senda ábendingar á oddvita fyrir mánudaginn næsta varðandi uppsetningu á bréfinu.

Lagt til að þetta verði sent í öll hús í Langanesbyggð. Úrvinnsla upplýsinganna verði í samráði við AMF og USN. Samþykkt samhljóða.

14. Rekstraryfirlit janúar til september

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir janúar til september 2014 og það borið saman við sama tímabil í fyrra og útkomuspá.

15. Skýrsla sveitarstjóra

A) Artic circle. Góð ráðstefna sem sveitarstjóri og Siggeir Stefánsson sóttu.

16. Menningarmiðstöð Þingeyinga og Sauðaneshús

Sif Jóhannesdóttir framkvæmdarstjóri Menningarmiðstöðvar Þingeyinga mætir á fundinn.

Oddviti bauð Sif velkomna.

Sif byrjaði á því að kynna starf Menningarmiðstöðvar Þingeyinga fyrir sveitarstjórn og dreifði upplýsingum um hana. Þar fór hún í stórum dráttum yfir hvaða deildir heyra undir Menningarmiðstöðina og hvert hlutverk hennar er.

- Stofnuð 2004 þegar starfsemi Byggðasafns Norður-Þingeyinga og Safnahússins á Húsavík voru sameinuð.
- Er sjálfseignarstofnun í eigu sex sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu, Langanesbyggðar, Norðurþings, Skútustaðarhepps, Svalbarðshrepps, Tjörneshrepps, og Þingeyjarsveitar. Sveitarfélögin greiða framlag sveitarfélaganna samkv. samþykktri fjárhagsáætlun, eftir íbúafjölda.
- Héraðsnefnd er fulltrúaráð Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og kýs henni stjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Í stjórn sitja 7 manns.
- Starfar eftir safnalögum nr 141/2011 og fékk viðurkenningu safnaráðs 2014.
- Hefur varðveisluskyldu, rannsóknarskyldu og fræðsluskyldu.

Sif fór yfir stöðu Sauðaneshússins. Sif telur að þar sem sveitarfélagið er þátttakandi í Menningarmiðstöðinni geti það nýtt sér þjónustu Menningarmiðstöðvarinnar betur varðandi rekstur Sauðaneshússins. Rætt var um framtíð Sauðaneshúss.

Fleira ekki gert
Fundargerð upplesin
Fundi slitið kl 16:40